

1989 nr. 90 1. júní**Lög um aðför**

Tóku gildi 1. júlí 1992. *Breytt með* l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), l. 90/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), l. 91/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992), l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. 90/1996 (tóku gildi 1. júlí 1997), l. 15/1998 (tóku gildi 1. júlí 1998 nema 38. gr. sem tók gildi 3. apríl 1998), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008) og l. 23/2009 (tóku gildi 31. mars 2009).

I. þáttur. Almenn skilyrði fyrir aðför.**1. kafli. Aðfararheimildir o.fl.**

■ **1. gr.** Aðför má gera til fullnustu kröfum samkvæmt eftirfarandi heimildum:

1. dómum og úrskurðum, uppkveðnum af íslenskum dómstólum;

2. [stefnum],¹⁾ sem gerðar hafa verið aðfararhæfar með áritun dómara hér á landi;

3. sáttum og nauðasamningum, sem komist hafa á fyrir íslenskum dómstólum;

4. sáttum, sem gerðar hafa verið fyrir yfirvöldum og eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga;

5. úrskurðum yfirvalda, sem eru aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga;

6. ákvörðunum yfirvalda um fésektir, dagsektir og févíti, sem eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga;

7. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar;

8. víxlum og tékkum, að því leyti sem krafist er fullnægju greiðsluskilyrða á grundvelli gildandi réttar samkvæmt slíkum skjölum;

9. kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem innheimt eru samkvæmt lögum af innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarfélögum eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga;

10. kröfum, áður ótöldum, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum laga;

11. úrlausnum eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim, ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.

□ Aðför til fullnustu kröfu skv. 1. mgr. verður, eftir því sem við á, einnig gerð fyrir verðbótum, vöxtum og lögbundnum vanskilaálögum, kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustuaðgerðum.

□ Um heimild til útburðargerða og innsetningargerða án undangengins dóms eða réttarsáttar fer eftir fyrirmælum 12. kafla.

¹⁾ L. 91/1991, 161. gr.

■ **2. gr.** Sá getur krafist aðfarargerðar, sem aðfararheimild ber með sér að sé rétt hennar, svo og sá, sem nýtur handveðréttar í aðfararhæfri kröfu.

■ **3. gr.** Aðfarar má krefjast hjá þeim, sem skylda hvílir á samkvæmt hljóðan aðfararheimildar. Nær þetta einnig til þeirra, sem hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á efnendum skuldbindingar skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., og þeirra,

sem eiga verðmæti, sem standa að veði til tryggingar kröfu skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr., ef áskilnaði þessara ákvæða gagnvart aðalskuldara er einnig fullnægt gagnvart þeim.

□ Aðfarar má einnig krefjast hjá öðrum en þeim, sem skylda hvílir á skv. 1. mgr., ef hann hefur tekið á sig ábyrgð á efnendum aðfararhæftrar skuldbindingar samkvæmt fyrirmælum laga eða slík ábyrgð hvílir sjálfkrafa á honum lögum samkvæmt.

■ **4. gr.** Með aðfarargerðir fara sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

□ Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með aðfarargerð fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari með innheimtu kröfu [samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum].¹⁾

□ Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með aðfarargerð, skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið í hans stað. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

□ Að því leyti, sem málefni samkvæmt lögum þessum koma til kasta héraðsdómstóla, skal þeim beint að héraðsdómstólum, sem hefur dómsvald í umdæmi þess sýslumanns, sem fer með viðkomandi aðfarargerð, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

¹⁾ L. 19/1991, 195. gr.

2. kafli. Aðfararfrestur.

■ **5. gr.** Aðför má gera eftir dómi eða úrskurði, þegar liðnir eru fimmtán dagar frá uppkvaðningu hans, ef annar aðfararfrestur er ekki tiltekinn. Aðför má gera eftir [stefnu],¹⁾ þegar hún hefur verið árituð af dómara um aðfararhæfi. Ekki er þörf sérstakrar birtingar dóms, úrskurðar eða áritaðrar [stefnu]¹⁾ áður en aðför verður gerð, nema þess sé sérstaklega krafist að lögum.

□ Ef áfrýjunarstefna hefur verið gefin út vegna aðfararheimildar innan almenns áfrýjunarfrests, verður ekki af fyrirtöku aðfararbeiðni meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, nema mælt sé svo fyrir í lögum eða viðkomandi dómi eða úrskurði að áfrýjun fresti ekki aðför. Með sama hætti fer um úrskurði, sem sæta kærui til æðra dóms, ef kært er innan kærufrests.

□ Ef aðfararheimild hefur verið áfrýjað að liðnum almennum áfrýjunarfresti, getur gerðarþoli gert þá kröfu við aðfarargerð, að henni verði frestað meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, ef ekki er kveðið á annan hátt á um áhrif málskots í lögum, dómnum eða úrskurðinum. Með slíka kröfu skal farið að hætti 26. gr.

¹⁾ L. 91/1991, 161. gr.

■ **6. gr.** Aðför má gera eftir réttarsátt eða sátt, gerðri fyrir yfirvaldi, þegar krafa samkvæmt henni er komin í gjalddaga. Ef enginn gjalddagi er tiltekinn í sátt, má gera aðför samkvæmt henni að liðnum fimmtán dögum frá gerð hennar. Aðför má gera með sama hætti eftir nauðasamningi, sem komist hefur á fyrir dómstól.

□ Ekki tálmar það aðför eftir sátt, þótt krafist sé ógildingar einnig í dómsmáli.

■ **7. gr.** Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu, sem talin er í 5., 6., 7., 8. eða 10. tölul. 1. mgr. 1. gr., og eftir að slík krafa er komin í gjalddaga, skal gerðarbeiðandi beina greiðsluáskorun til gerðarþola með minnst fimmtán daga fyrirvara, þar sem tekið er fram, að aðfarar verði krafist fyrir skuldinni, ef áskoruninni verði ekki sinnt. Eins skal að farið, þegar krafist er aðfarar í skjóli ábyrgðar skv. 2. mgr. 3. gr., þótt aðfararheimild eigi undir önnur fyrirmæli 1. mgr. 1. gr.

□ Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum af einum stefnuvotti. Frestur skv. 1. mgr. telst frá þeim degi, sem gerðarþoli eða sá, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, fær eintak hennar í hendur, eða þegar birting greiðsluáskorunar á sér stað.

■ **8. gr.** Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. og eftir að hún er komin í gjalddaga, skal sá, sem innheimtu hennar hefur með höndum, birta með minnst fimmtán daga fyrirvara almenna greiðsluáskorun í dagblöðum eða með öðrum samsvarandi hætti, þar sem fram kemur að aðfarar verði krafist án frekari fyrirvara fyrir vangoldnum gjöldum, sem hafa verið í gjalddaga á tilteknum tíma. Skal tiltekið í auglýsingunni um hvers konar gjöld er að ræða hverju sinni.

■ **9. gr.** Aðfarar má krefjast að liðnum aðfararfresti skv. 5.–8. gr. svo lengi, sem hlutaðeigandi krafa er ekki niður fallin fyrir fyrningu, og einnig að liðnum fyrningartíma, ef gerðarþoli mætir við gerð og lýsir yfir að hann beri ekki fyrir sig fyrningu kröfunnar.

II. þáttur. Almennar reglur um undirbúning og framkvæmd aðfarar.

3. kafli. Aðfararbeiðni o.fl.

■ **10. gr.** Aðfararbeiðni skal vera skrifleg. Í henni skal koma fram, svo ekki verði um villst, hverjir gerðarbeiðandi og gerðarþoli eru og við hverja heimild hún styðst. Þá skal einnig tiltekið nákvæmlega hvers krafist er með aðfarargerð. Ef krafist er aðfarar til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, skal sundurliða fjárhæð hennar svo sem þá er kostur.

□ Með aðfararbeiðni skulu fylgja skilríki fyrir aðfararheimildinni og gögn um að greiðsluáskorun hafi verið beint til gerðarþola skv. 7. eða 8. gr., ef við á. Ef aðfarar er krafist til fullnustu kröfu skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., skal frumrit viðskiptabréfs fylgja aðfararbeiðni.

■ **11. gr.** Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara, ef eitthvað eftirtalinna atriða varðar aðfararheimildina:

1. ef krafa styðst við úrskurð eða ákvörðun yfirvalds, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr.;

2. ...¹⁾

3. ef krafa styðst við erlenda aðfararheimild, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 1. gr.;

4. ef krafist er aðfarar á grundvelli ábyrgðar, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til;

5. ef krafist er útburðar- eða innsetningargerðar skv. 12. kafla.

□ Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, skal aðfararbeiðni send héraðsdómara á varnarþingi, þar sem heimilt væri að höfða einkamála um viðkomandi kröfu, nema fyrirmæli laga áskilji annað. Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara í tvíriti.

□ Heimilt er gerðarbeiðanda að beina aðfararbeiðni til héraðsdómara, ef hann svo kys, þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um hana.

¹⁾ L. 15/1998, 35. gr.

■ **12. gr.** Héraðsdómari skal taka aðfararbeiðni, sem honum berst, til athugunar svo fljótt sem við verður komið.

□ Telji héraðsdómari skilyrðum til aðfarar fullnægt samkvæmt framkomnum gögnum gerðarbeiðanda, áritar hann beiðnina um að aðför megi gera samkvæmt henni.

■ **13. gr.** Telji héraðsdómari aðfararbeiðni ófullnægjandi,

aðfararheimild ekki fyrir hendi eða ónæg gögn fram komin til stuðnings beiðni, ritar hann á hana að aðför nái ekki fram að ganga samkvæmt henni.

□ Ef héraðsdómari telur aðför mega fara fram að hluta samkvæmt aðfararbeiðni, er honum rétt að rita þá ákvörðun sína á hana, þar sem nákvæmlega er tekið fram, að hverju leyti aðför megi gera.

□ Héraðsdómari má gefa gerðarbeiðanda kost á að bæta úr annmörkum, áður en aðfararbeiðni er hafnað að öllu leyti eða einhverju skv. 1. eða 2. mgr.

■ **14. gr.** Við meðferð héraðsdómara skv. 12. og 13. gr. er ekki þörf tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans, sbr. þó 78. gr., nema gerðarbeiðandi hafi sérstaklega óskað eftir því og héraðsdómara þyki rétt að verða við því, eða gerðarþoli hafi áður tilkynnt héraðsdómara að hann hafi andmæli fram að færa gegn kröfum gerðarbeiðanda.

□ Þegar nærveru gerðarþola er þörf skv. 1. mgr., fer um málsmeðferð eftir fyrirmælum 13. kafla.

■ **15. gr.** Þegar héraðsdómara hefur borist aðfararbeiðni, skal hennar getið í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómsmálaráðherra.¹⁾ Í skránni skulu greind nöfn aðila, um hverja aðfararheimild er að ræða og hverja afgreiðslu beiðni hefur fengið. Frekari bókana er ekki þörf, þegar farið er með beiðni eftir 12. eða 13. gr.

□ Þegar héraðsdómari hefur áritað beiðni um að aðför megi gera samkvæmt henni að öllu leyti eða einhverju, varðveitir hann annað eintak hennar með áritun, ásamt samriti fylgigagna.

□ Beiðni, sem árituð hefur verið, skal afhenda eða senda gerðarbeiðanda ásamt frumritum þeirra gagna, sem henni fylgdu.

□ Þótt héraðsdómari hafi áritað beiðni um að gerð megi fara fram að einhverju leyti eða öllu, er hann óbundinn af þeirri afstöðu, ef ágreiningur rís síðar um beiðnina.

¹⁾ Rg. 17/1992.

■ **16. gr.** Beiðni um aðför, sem sætir ekki í upphafi meðferð héraðsdómstóls samkvæmt ákvæðum 11. gr., og aðfararbeiðni, sem árituð hefur verið af héraðsdómara um að gerð megi fara fram, skal að jafnaði beint til sýslumanns í því umdæmi, þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing, en heimilt er einnig að beina aðfararbeiðni til sýslumanns í einhverju því umdæmi, sem hér greinir:

1. þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir;

2. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi, ef krafan á rætur að rekja til hennar. Ef atvinnustarfsemi fer fram í fleiri en einu umdæmi, skal beiðst aðfarar í því umdæmi, þar sem aðalstöðvar hennar eru, nema aðfararheimild varði sérstaklega starfseminna á öðrum stað og gerðarbeiðandi kys það fremur;

3. þar sem þau verðmæti er að finna, sem standa að veði til tryggingar hlutaðeigandi kröfu;

4. þar sem andlag gerðarinnar er að finna, ef um aðför er að ræða til fullnustu annarrar kröfu en um peningagreiðslu;

5. þar sem eignir gerðarþola er að finna, þegar um aðför er að ræða til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, ef gerðarþoli á ekki skráð heimili eða aðsetur hér á landi.

□ Getið skal ástæðu þess í aðfararbeiðni, ef henni er beint til sýslumanns í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing.

■ **17. gr.** Þegar beiðni um aðför hefur borist sýslumanni, kannar hann hvort beiðni og aðfararheimild eru í lögmætu

formi, hvort telja megi beiðni komna fram í réttu umdæmi og hvort fullnægt er skilyrðum 8. gr. í þeim tilvikum, sem við á. Ef svo reynist, synjar sýslumaður ekki af sjálfsdáðum um aðför, nema aðfararheimild verði ekki fullnægt samkvæmt efni sínu.

□ Telji sýslumaður ágalla vera á málstað gerðarbeiðanda, sem veldur því að aðfarar verði synjað vegna fyrirmæla 1. mgr., skal hann endursenda beiðnina þegar í stað ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

□ Nú hefur aðfararbeiðni verið beint til sýslumanns í umdæmi, sem heimild er fyrir í 1. mgr. 16. gr., en hann telur nærtækara að aðför verði fremur reynd í öðru umdæmi. Má hann þá framsenda beiðnina hlutaðeigandi sýslumanni að fengnu samþykki gerðarbeiðanda.

■ **18. gr.** Þegar staðreynt hefur verið að aðfararbeiðni fullnægi skilyrðum 1. mgr. 17. gr., getur sýslumaður hennar í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómsmálaráðherra.¹⁾ Aðfararbeiðnir skulu þar skráðar í áframhaldandi númeraröð, eftir því sem þær berast. Aðfararbeiðnir skulu áritaðar um móttökudag og auðkenndar númeri samkvæmt framansögðu. Beiðni, sem berst áður en aðfararfrestur skv. 5.–8. gr. er liðinn, telst þó ekki fram komin fyrr en á fyrsta starfsdegi eftir lok frestsins og skal auðkennd samkvæmt því.

¹⁾ Rg. 17/1992.

4. kafli. Upphafsaðgerðir við aðför.

■ **19. gr.** Ef fyrir liggja tvær eða fleiri beiðnir um aðför hjá gerðarþola og þær varða samkynja skyldu hans, skal sinna beiðni þess, sem sýslumanni barst fyrst, áður en öðrum verður sinnt, enda haldi sá fram rétti sínum án ástæðulausrar tafar. Aðfararbeiðnir, sem berast sýslumanni samtímis, standa jafnar að þessu leyti.

□ Aðfararbeiðni, sem framsend hefur verið milli umdæma skv. 3. mgr. 17. gr., nýtur stöðu í samræmi við móttökudag hennar, þar sem hún barst fyrst. Þó raskar hún ekki stöðu beiðni, sem áður hefur verið tilkynnt um að hætti 1. mgr. 21. gr.

■ **20. gr.** Sýslumaður ákveður svo fljótt, sem við verður komið eftir að aðfararbeiðni hefur borist, hvar og hvenær aðför fari fram, svo sem verða má eftir óskum gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðanda skal tilkynnt sú ákvörðun á þann hátt, sem sýslumanni þykir til hlýða.

■ **21. gr.** Gerðarþola skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum og um meginefni hennar. Honum skal um leið tilkynnt hvar aðför muni byrja og sem nánast á hvaða tíma tiltekins dags. Sýslumaður getur lagt fyrir gerðarbeiðanda að annast þessa tilkynningu.

□ Tilkynningu skv. 1. mgr. skal senda gerðarþola með útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birta honum af einum stefnuvotti.

□ Víkja má frá skyldu til tilkynningar skv. 1. mgr., ef einhver eftirtalin atvik eiga við:

1. ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu, sem 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til;
2. ef hætt þykir að gerðarþoli muni spilla fyrir aðför, fái hann vitneskju um að hennar sé að vænta;
3. ef hætt þykir að gerðarbeiðandi verði fyrir sérstökum réttarspjöllum af drætti, sem verður á aðför vegna tilkynningar;
4. ef gerðarþola hefur áður verið send tilkynning um aðför vegna sömu kröfu, en ekki sinnt henni;

5. ef krafist er aðfarar að undangengnum úrskurði héraðsdómara skv. 77. gr. eða 13. kafla;

6. ef ekki er vitað hvar gerðarþoli hefst við.

5. kafli. Framkvæmd aðfarar.

■ **22. gr.** Ef gerðarþola er send tilkynning skv. 21. gr., skal aðför að jafnaði byrja á starfstofu sýslumanns, nema sýslumanni þyki að höfðu samráði við gerðarbeiðanda annað hentara og samrýmanlegt hagsmunum aðilanna.

□ Hafi gerðarþola ekki verið send tilkynning að hætti 21. gr., er rétt að aðför byrji á heimili hans, en ella á vinnustað hans eða þeim stað öðrum, þar sem sennilegast þykir að hann eða málsvari hans muni hittast fyrir. Ef gerðarþoli á hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þó byrja aðför á starfstofu sýslumanns.

■ **23. gr.** Ekki verður af aðför, nema gerðarbeiðandi sé viðstaddur eða annar maður, sem að lögum er heimilt að koma fram fyrir hans hönd.

□ Víkja má frá fyrirmælum 1. mgr. eftir ákvörðun sýslumanns, ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. Ef svo er gert, skal sýslumaður gæta réttinda gerðarbeiðanda af sjálfsdáðum, annarra en þeirra, sem fyrir mæli 29.–31. gr. og 14. kafla taka til.

■ **24. gr.** Hafi gerðarþoli eða maður, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, sannanlega fengið tilkynningu að hætti 21. gr., tálmar það ekki aðför, þótt gerðarþoli sé ekki staddur við gerðina eða einhver, sem málstað hans getur tekið, ef unnt reynist annarra hluta vegna að ljúka henni án nærveru hans. Sýslumaður skal þá gæta þess af sjálfsdáðum að gerðin brjóti ekki gegn þeim réttindum, sem gerðarþola eru tryggð með lögum þessum.

□ Ef gerðarþoli, fyrirsvarsmáður hans eða umboðsmaður er ekki viðstaddur, þegar gerðin er tekin fyrir, og honum eða löghæfum manni í hans stað hefur ekki sannanlega borist tilkynning um stað og stund til aðfarar eða ófært reynist af öðrum sökum að ljúka gerðinni vegna fjarveru hans, getur sýslumaður, ef gerðin beinist að einstökum manni, falið maki gerðarþola eða öðrum heimilismanni hans, 18 ára eða eldri, að taka málstað hans. Ef gerðin beinist að öðrum en einstaklingi, getur sýslumaður með sama hætti falið stjórnanda eða starfsmanni gerðarþola að taka málstað hans.

□ Ef svo er ástatt, sem í 2. mgr. segir, en enginn þargreindur er tiltækur, sem tekið getur málstað gerðarþola, eða sá getur ekki veitt nauðsynlegar upplýsingar eða atbeina til að ljúka megi gerð, er sýslumanni rétt að fresta gerðinni, ef óreynt er hvort takast muni að ná til gerðarþola innan þess tíma, að hagsmunum gerðarbeiðanda verði ekki spillt. Meðal annars er [lögreglu]¹⁾ í þessu skyni skylt að boði sýslumanns að leita gerðarþola eða fyrirsvarsmanns hans og boða hann til að mæta til gerðarinnar eða færa hann til hennar. Nú tekst ekki að hafa uppi á gerðarþola eða fyrirsvarsmanni hans með þeim hætti, sem að framan segir, eða hagsmunir gerðarbeiðanda leyfa ekki að gerð verði frestað frekar, og er þá sýslumanni rétt að fara þangað, sem gerðarþoli hefur heimili eða skráð aðsetur, og ljúka þar gerðinni í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda, enda standi önnur fyrirmæli laga þessara ekki í vegi þeirra málaloka. Eigi gerðarþoli hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þegar svo stendur á ljúka gerðinni á starfstofu sýslumanns.

¹⁾ L. 90/1996, 43. gr.

■ **25. gr.** Aðfarargerð byrjar með því að sýslumaður kynnir gerðarþola eða málsvara hans málavexti og fyrirbyggjandi gögn, og skorar á hann að fullnægja þeirri skyldu, sem að-

farar er krafist fyrir. Verði gerðarþoli eða málsvari hans ekki við þeirri áskorun, skal aðför fram haldið eftir því, sem hér á eftir segir.

□ Ef aðfarargerð byrjar án nærveru gerðarbeiðanda samkvæmt þeirri heimild, sem greinir í 2. mgr. 23. gr., getur sýslumaður ekki skorast undan að taka við greiðslu kröfunnar, ef hún er boðin fram að einhverju leyti eða öllu.

□ Gerðarþoli getur varnað aðför til fullnustu kröfu, sem ágreiningur stendur um, ef hann setur gerðarbeiðanda tryggingu fyrir efdum hennar, sem sýslumaður metur nægjanlega.

□ Sýslumanni ber, eftir því sem við á, að veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglerðum málsaðila.

□ Skýlt er gerðarþola eða málsvara hans að segja satt og rétt frá öllu, sem sýslumaður krefur hann svara um og máli skiptir um framgang gerðarinnar.

■ **26. gr.** Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á gerðinni stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

□ Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, krefst að henni verði frestað, en gerðarbeiðandi fellst ekki á þá kröfu, skal sýslumaður ákveða þegar í stað hvort hann heldur gerðinni áfram eða hvort henni verður frestað til tiltekins tíma.

□ Ef sýslumaður ákveður að fresta gerðinni gegn vilja gerðarbeiðanda, getur gerðarbeiðandi krafist úrlausnar héraðsdómara um þá ákvörðun skv. 14. kafla.

□ Hafni sýslumaður kröfu gerðarþola um frestun gerðarinnar, skal henni þegar fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi því yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

■ **27. gr.** Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, mótmælir rétti gerðarbeiðanda til að aðför nái fram að ganga eða hún fari fram með þeim hætti, sem gerðarbeiðandi krefst, skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti.

□ Að jafnaði skulu mótmæli gerðarþola ekki stöðva gerðina, nema þau varði atriði, sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum, eða sýslumaður telur mótmælin af öðrum sökum valda því, að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi þau réttindi, sem hann krefst fullnægt, eða að hann eigi rétt á að gerðin fari fram með þeim hætti, sem hann krefst.

□ Fallist gerðarbeiðandi ekki á ákvörðun sýslumanns skv. 1. mgr., getur hann krafist úrlausnar héraðsdómara um hana samkvæmt fyrirmælum 14. kafla. Frestast þá gerðin að því leyti, sem sýslumaður hefur hafnað kröfum gerðarbeiðanda, þar til leyst hefur verið úr ágreiningsefninu.

□ Hafni sýslumaður mótmælum gerðarþola, skal gerðinni fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

■ **28. gr.** Ef aðfarargerð gæti ranglega skert rétt þriðja manns, er honum heimilt að mæta og krefjast frestunar hennar eða mótmæla framgangi hennar að því leyti, sem hún varðar rétt hans. Farið skal með slíkar kröfur eða slík mótmæli eins og um væri að ræða kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 26. eða 27. gr.

■ **29. gr.** Færst gerðarþoli undan því að veita þær upplýsingar við aðfarargerð, sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs hennar, er sýslumanni heimilt að skerða frelsi gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar, þó ekki lengur en í 24 klukkustundir. [Lögreglu]¹⁾ er skýlt að veita sýslumanni atbeina í þessu skyni samkvæmt boði hans. Ef grunur leikur á að gerðarþoli sé með refsiverðum hætti að fyrirbyggja fullnustu kröfu gerðarbeiðanda með synjun sinni um að veita upplýsingar, skal farið eftir fyrirmælum laga um meðferð [sakamála].²⁾

□ Ef gerðarþoli færst undan að veita upplýsingar með þeim hætti, sem í 1. mgr. segir, er sýslumanni heimilt að ákveða honum dagsektir samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Skulu þær renna til gerðarbeiðanda og falla á, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar eða unnt reynist af öðrum sökum að ljúka gerð án þeirra. Gera má aðför fyrir dagsektum þessum, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. Dagsektum verður ekki beitt, meðan gerðarþoli sætir frelsisskerðingu skv. 1. mgr.

□ Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirsvarsmanni gerðarþola.

¹⁾ L. 90/1996, 43. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **30. gr.** Samkvæmt boði sýslumanns er gerðarþola eða þeim, sem málstað hans getur tekið skv. 2. mgr. 24. gr., skýlt að veita aðgang að húsakynnum hans og lokuðum hirslum hans, ef gerðarbeiðandi krefst og sýslumaður telur það nauðsynlegt vegna framgangs gerðarinnar. Skorist viðkomandi undan því eða honum er það ófært, er sýslumanni rétt að beita valdi í þessu skyni.

□ Nú hefur ekki náðst til gerðarþola til að vera við aðför eða neins, sem málstað hans getur tekið, en honum hefur áður verið tilkynnt skv. 1. og 2. mgr. 21. gr. að aðför muni fara fram á þeim stað, þar sem húsakynni hans eru eða lokaðar hirslur er að finna. Er sýslumanni þá rétt að kröfu gerðarbeiðanda að beita valdi með sömu skilyrðum og segir í 1. mgr.

□ Nú hefur ekki náðst til gerðarþola eða neins, sem málstað hans getur tekið, en gerðarþola hefur ekki verið tilkynnt um aðför með þeim hætti, sem segir í 2. mgr. Telji sýslumaður allt að einu að aðför megi gera skv. 3. mgr. 24. gr., getur hann að kröfu gerðarbeiðanda krafist úrskurðar héraðsdómara um heimild til að brjóta upp húsakynni gerðarþola og læstar hirslur. Meðan slíkur úrskurður er ófenginn og ekki næst til gerðarþola, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að varna því, að nokkuð verði gert, sem raskað gæti rétti gerðarbeiðanda. Ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess og sérstök hætta þykir á, að hann verði ella fyrir verulegum réttarspjöllum, er sýslumanni þó heimilt samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda að brjóta upp húsakynni gerðarþola eða læstar hirslur án undangengins úrskurðar héraðsdómara. Að öðru leyti skal beita reglum laga um húsleit við rannsókn [sakamála],¹⁾ eftir því sem við getur átt.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **31. gr.** Ef rökstudd ástæða þykir til að ætla að gerðarþoli kunni að hafa geymda fjármuni á sér eða muni eða gögn, sem máli geta skipt um framgang gerðarinnar, getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda skorað á gerðarþola að heimila leit á honum sjálfum.

□ Ef gerðarþoli verður ekki við áskorun skv. 1. mgr., er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að skerða frelsi gerðarþola. Ber sýslumanni án

tafar að greina héraðsdómara frá ákvörðun sinni og krefjast úrskurðar hans um heimild til að leit fari fram á gerðarþola. Beita skal að öðru leyti reglum laga um leit á manni við rannsókn [sakamála],¹⁾ eftir því sem við getur átt.

□ Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirsvarsmanni gerðarþola.

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ **32. gr.** Aðfararbeiðni og gögn um aðfararheimild skulu lögð fram við gerðina og merkt með áframhaldandi númeraröð. Einnig skulu lögð fram þau gögn, sem máli geta skipt um réttindi aðilanna og um framgang gerðarinnar að öðru leyti.

□ Um varðveislu sýslumanns á framlögðum gögnum og heimildir til aðgangs að þeim eða til afhendingar þeirra skal farið eftir reglum um dómskjöl í einkamálum, eftir því sem við getur átt.

■ **33. gr.** Sýslumaður færir gerðabók um aðfarargerðir. Fer um form hennar eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.¹⁾

□ Í gerðabók skal greint hvar og hvenær aðfarargerð fer fram, nöfn aðila og umboðsmanna eða málsvara þeirra, hver gögn hafa verið lögð fram við gerðina og hvernig hún hefur að öðru leyti farið fram.

□ Sýslumaður les upp bókun sína við lok gerðar fyrir þá, sem við hana eru staddir, eða kynnir þeim meginatriði bókunarinnar, ef þeir telja það nægja. Þeim skal gefinn kostur á að undirrita bókunina ásamt sýslumanni.

¹⁾ Rg. 17/1992.

■ **34. gr.** Fari aðfarargerð fram á starfstofu sýslumanns og gerðarþoli eða umboðsmaður hans er við hana staddur, er ekki þörf votta við gerðina, ef þeir, sem mættir eru, undirrita bókun um hana.

□ Þegar aðför fer fram með öðrum hætti en segir í 1. mgr., ber sýslumanni að hlutast til um að staddur sé við gerðina vottur, sem fullnægir hæfiskröfum laga til að vera vottur á dómþingi í einkamáli milli sömu aðila. Votturinn skal undirrita bókun sýslumanns um gerðina.

■ **35. gr.** Ef ekki reynist unnt að ljúka aðför í því umdæmi, þar sem hún hefur réttilega byrjað, er sýslumanni heimilt, ef hann svo kys og gerðarbeiðandi óskar þess, að halda gerðinni áfram utan umdæmis síns, ef sú ráðstöfun hefur ekki teljandi kostnaðarauka í för með sér fyrir gerðarþola eða hana verður að telja nauðsynlega í ljósi atvika. Hafa athafnir sýslumanns sama gildi, þegar svo stendur á, og ef þær hefðu gerst innan marka umdæmis hans. Þó skulu réttindi gerðarbeiðanda þoka fyrir rétti þess, sem síðar gerir aðför vegna samkynja skyldu gerðarþola, ef beiðni þess hefur áður borist sýslumanni í því umdæmi, þar sem fyrri gerðinni var fram haldið.

□ Ef nauðsyn ber til að aðför verði fram haldið utan þess umdæmis, þar sem hún hefur byrjað, og ekki er neytt heimildar skv. 1. mgr., skal gerðarbeiðandi afla frumskjala vegna gerðarinnar og eftirrits úr gerðabók hjá sýslumanni, sem farið hefur með hana, og senda þau þeim sýslumanni, er við tekur. Sýslumaður, sem heldur gerðinni áfram, þarf ekki að endurtaka þær undirbúningsathafnir, sem farið hafa fram.

III. þáttur. Aðför til fullnustu peningakröfu.

6. kafli. Andlag fjárnáms.

■ **36. gr.** Gera má fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum, sem nægja til greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 1. gr., og tilheyra gerðarþola eða öðrum, sem sjálfur býður þær fram til fjárnáms.

□ Sýslumaður skal ákveða til hvers kostnaðar gerðarbeiðandi á tilkall úr hendi gerðarþola vegna undirbúnings gerðar-

innar og hennar sjálfrar, að því leyti sem hann fellur til eftir öflun aðfararheimildar.

■ **37. gr.** Gera má fjárnám í peningum eða í fasteign, lausafé, kröfu gerðarþola á hendur öðrum eða annarri eign eða réttindum, sem hafa fjárhagslegt gildi og unnt er að tilgreina nægilega. Fjárnám verður aðeins gert í réttindum, sem fengin eru, þegar gerðin fer fram.

□ Gera má fjárnám í eign, þótt lögbönd séu á henni eða annar hafi áður fengið veðréttindi í henni.

■ **38. gr.** Ekki skal taka fjárnámi meira en það, sem sýslumaður telur munu nægja til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda.

□ Ef málsaðili telur óvíst um verðmæti eignar, sem taka má fjárnámi, skal sýslumaður virða hana. Skal miðað við það verð, sem ætla má að fáiast fyrir hana við nauðungarsölu, að frádregnum kostnaði og að teknu tilliti til réttinda þeirra, sem forgangs kunna að njóta gagnvart kröfu gerðarbeiðanda.

□ Sýslumaður getur kvatt til einn eða tvo menn, er sérþekkingu hafa, til að virða innan tiltekns og stutts frests eign, sem fjárnámi má taka, ef þess er krafist við gerðina. Áður en virðing fer fram, skulu virðingarmenn heita að rækja starf sitt eftir bestu vitund. Sýslumaður ákveður þóknun þeirra og úr hendi hvors málsaðila hún greiðist, en að jafnaði skal sá bera kostnað um sinn af virðingu, sem hefur krafist hennar. Heimilt er sýslumanni að áskilja tryggingu fyrir þóknun virðingarmanna úr hendi þess, sem krefst kvaðningar þeirra, áður en hún á sér stað.

■ **39. gr.** Gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, á rétt til að vísa á þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Gerðarbeiðanda er ekki rétt að hafna fjárnámi í eign, sem bent er á af hálfu gerðarþola, ef hún er metin nægileg trygging fyrir kröfu hans, nema svo standi á, sem í 2.–4. mgr. segir.

□ Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að peningar verði teknir fjárnámi, nema þeir verði undanþegnir fjárnámi skv. 41. gr.

□ Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að fjárnám verði gert í eign, sem gerðarbeiðandi á tryggingarréttindi í fyrir kröfu sinni.

□ Gerðarbeiðandi þarf ekki að hlíta að fjárnám verði gert í fasteign, í eign, sem aðrir eiga réttindi yfir, í eign, sem hefur óvíst verðgildi, eða í eign, sem ördugt er að varðveita eða selja, ef til er önnur eign, sem fjárnám má gera í.

□ Vísi gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, ekki á eignir til fjárnáms, eða enginn er staddur við gerðina af hans hálfu, má gerðarbeiðandi tiltaka þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Sýslumaður skal þá gæta þess að fjárnám sé að öðru jöfnu fyrst gert í þeim eignum, sem ætla má að gerðarþoli eða heimilismenn hans geti helst verið án.

■ **40. gr.** Heimilt er gerðarþola að neyta réttar til skuldajafnaðar við kröfu gerðarbeiðanda með kröfu, sem orðin er aðfararhæf, eða kröfu, sem gerðarbeiðandi viðurkennir rétta, ef almennum skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt.

■ **41. gr.** Peningaeign má taka fjárnámi, nema eftirfarandi eigi sannanlega við:

1. að um sé að ræða fyrirframgreiðslu framfærslueyris með gerðarþola, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem greiðslan er fyrir;

2. að um sé að ræða eingreiðslu bóta fyrir varanlega örorku gerðarþola eða fyrir missi hans á framfærandi, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem bótafénu er ætlað að bæta tjón hans fyrir;

3. að hún sé nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu gerðarþola og þeirra, sem hann er framfærsluskyldur við.

□ Fasteignir, lausafé og aðrar sambærilegar eignir, sem aflað hefur verið með fé skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr., verða ekki undanþegnar fjárnámi í skjóli þeirra fyriræla.

□ Fjárnám má gera að ábendingu gerðarþola í peningaeign, sem reglur 1. mgr. taka til.

■ **42. gr.** Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til fylgifyjár slíkrar eignar, jafnt þess, sem þegar er fyrir hendi, og þess, sem síðar verður til.

□ Fjárnám má aðeins gera í slíku fylgifyfé einu út af fyrir sig að ábendingu gerðarþola og með samþykki þeirra, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir viðkomandi fasteign, skipi eða loftfari, nema fylgifyféð hafi áður sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda til tryggingar kröfunni og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því.

■ **43. gr.** Fjárnám verður ekki gert í lausafjármunum, sem nauðsynlegir eru gerðarþola og heimilismönnum hans til að halda látlaust heimili með þeim hætti, sem almennt gerist.

□ Heimilt er gerðarþola að auki að undanþiggja eftirfarandi lausafjármuni fjárnámi:

1. muni, sem hafa verulegt minjagildi fyrir hann eða fjölskyldu hans, ef verðmæti þeirra er ekki slíkt, að undanþágan verði talin ósanngjörn gagnvart gerðarbeiðanda;

2. muni, sem eru nauðsynlegir honum eða heimilismanni hans vegna örorku eða heilsubrests;

3. námsgögn, sem eru nauðsynleg honum eða heimilismanni hans vegna skólagöngu;

4. muni, sem hann eða heimilismaður hans nýtir til atvinnu sinnar, að samanlögðu verðmæti allt að 50.000 kr. Fjárhæð þessa skal ákvarða hverju sinni í ljósi almennra verðlagsbreytinga frá gildistöku laga þessara.

□ Heimildir 1. og 2. mgr. taka ekki til muna, sem standa að veði fyrir kröfu gerðarbeiðanda, eða sem gerðarbeiðandi hefur með gildum hætti áskilið sér eignarrétt að.

■ **44. gr.** Fjárnám má gera í kröfum gerðarþola á hendur öðrum, þótt skilyrtar séu eða ógjaldfallnar, með þeim takmörkunum, sem leiðir af 45.–48. gr. og fyrirælum annarra laga.

□ Gera má fjárnám í gjaldfallinni kröfu, sem undanskilja má fjárnámi skv. 45.–48. gr., að ábendingu gerðarþola eða ef krafan stendur til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

□ Ef fjárnám er gert í verðbréfi eða kröfu, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til arðs eða vaxta af bréfinu eða kröfunni, jafnt þeirra, sem þegar hafa fallið til, og þeirra, sem réttur stofnast til síðar.

■ **45. gr.** Fjárnám verður ekki gert í kröfu um ógreidd laun eða annað ógreitt endurgjald fyrir vinnu, nema liðinn sé mánuður frá lokum þess tímabils, sem unnið var til launanna eða endurgjaldsins.

□ Fjárnám verður ekki gert í kröfu um eftirlaun fyrr en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

□ Fjárnám verður ekki gert í kröfu um laun í uppsagnarfresti eða í bótakröfu vegna slíta ráðningarsamnings fyrr en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

■ **46. gr.** Fjárnám verður ekki gert í bótakröfu vegna örorku eða missis framfaranda, eða kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, sem slíkum kröfum tengist, ef bótakrafan tilheyrir tjónþola sjálfum.

■ **47. gr.** Fjárnám verður ekki gert í eftirfarandi kröfum, nema einn mánuður sé liðinn frá því þær urðu gjaldkræfar:

1. kröfu um framfærslueyri eða meðlag;

2. kröfu um bætur, dagpeninga, lífeyri eða styrki úr almannatryggingum eða frá annarri sambærilegri opinberri stofnun;

3. kröfu um bætur, dagpeninga eða styrki úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags;

4. kröfu um greiðslu úr viðurkenndum lífeyrissjóði, að því leyti sem hún á rætur að rekja til iðgjaldagreiðslna, sem lögboðnar eru, mælt er fyrir um í kjarasamningi eða teljast af öðrum sökum eðlilegar í ljósi aðstæðna;

5. kröfu um greiðslu samkvæmt frjálsri lífeyristryggingu, ef sérstök lagaheimild leiðir til undanþágu hennar frá aðför eða samið hefur verið um hana með gildum hætti í upphafi.

■ **48. gr.** Fjárnám verður ekki gert í kröfu samkvæmt gagnkvæmum samningi, ef gerðarþoli hefur ekki efnt hann af sinni hálfu, og það, sem ógert er, er eigin vinna eða verk hans eða eitthvað annað, sem viðsemjandi gerðarþola þarf ekki að una að annar en gerðarþoli láti í té.

■ **49. gr.** Fjárnám verður ekki gert í persónubundnum réttindum, sem gerðarþola er óheimilt að framselja á sitt eindæmi, nema þau standi til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

■ **50. gr.** Fjárnám verður ekki gert í eign, sem gefin hefur verið gerðarþola með fyrirælum um að hún verði undanþegin aðför, ef honum er jafnframt óheimilt að ráðstafa henni, enda hafi gjafagermingi með slíkum skilmála verið þinglýst, ef réttarvernd er því háð í viðkomandi tilviki. Hið sama á við um arð af slíkri eign, ef skemmri tími en einn mánuður er liðinn frá því hann varð gjaldkræfur.

□ Ef eign hefur að nokkru verið gefin gerðarþola með þeim áskilnaði, sem áður segir, en að öðru leyti verið látin af hendi gegn endurgjaldi, tekur 1. mgr. til þess hluta eignarinnar, sem gefinn var.

■ **51. gr.** Sýslumaður skal bóka af nákvæmni í hverjum eignum fjárnám er gert og fyrir hverjum kröfum. Hafi virðing hins fjárnúmnda farið fram skv. 38. gr., skal verðmæti þess einnig tiltekið í bókun.

□ Heimilt er sýslumanni að gera fjárnám í eign, þótt hún sé á öðrum stað eða í öðru umdæmi en þar sem gerðin fer fram, nema þörf sé á virðingu eignarinnar skv. 38. gr.

□ Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola eða þeim, sem málstað hans tekur, um réttaráhrif fjárnáms. Hafi enginn verið við gerðina af hálfu gerðarþola, skal sýslumaður tilkynna honum um fjárnámið, ef vitað er hvar hann er niður kominn.

7. kafli. Réttaráhrif fjárnáms og vörslur hins fjárnúmnda.

■ **52. gr.** Fyrningu aðfararhæfrar kröfu er slitið, ef aðfararbeiðni berst héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar.

■ **53. gr.** Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa hinu fjárnúmnda á nokkurn hátt, sem farið gæti í bága við rétt gerðarbeiðanda.

□ Gerðarþola er heimilt að nýta fylgifyfé, sem fjárnám í eign tekur einnig til eftir 1. mgr. 42. gr., að því leyti, sem nauðsynlegt er til eðlilegra nota eignarinnar.

■ **54. gr.** Nauðungarsala hins fjárnúmnda eða önnur lögmæt ráðstöfun þess á grundvelli fjárnáms má ekki fara fram án samþykkis eiganda þess fyrir en fjórar vikur eru liðnar frá því fjárnám var gert.

□ Hafi gerðarþoli eða þriðji maður borið ágreining um gerðina undir héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því fjárnám var gert, getur gerðarbeiðandi ekki neytt þeirra réttinda, sem 1. mgr. tekur til, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, fyrr en hann hefur verið leiddur til lykta fyrir héraðsdómi.

□ Nú ber gerðarþoli eða þriðji maður ágreining um fjárnámssgerð undir héraðsdómara að loknum þeim fresti, sem á undan getur, og stöðvast þá nauðungarsala eða önnur lög-mæt ráðstöfun hins fjárnumda, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, þar til hann er til lykta leiddur fyrir héraðsdómi. Ekki haggast fyrir þær sakir gildi ráðstafana, sem þegar hafa átt sér stað á hinu fjárnumda.

□ Héraðsdómari getur kveðið á um það með sérstökum úrskurði samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, að rekstur ágreiningsmáls um fjárnámssgerð komi ekki í veg fyrir ráðstöfun hins fjárnumda skv. 2. eða 3. mgr.

■ **55. gr.** Ef peningar eru teknir fjárnámi og mótmæli koma ekki fram gegn gerðinni, afhendir sýslumaður þá gerðarbeiðanda þegar í stað sem greiðslu upp í kröfuna. Að öðrum kosti tekur sýslumaður þá í vörslur sínar, ef gerðarbeiðandi krefst, og varðveitir á bankareikningi, þar til sá tími er kominn, að gerðarbeiðandi megi ráðstafa hinu fjárnumda skv. 54. gr.

■ **56. gr.** Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi, loftfari eða lausafé, á gerðarþoli rétt á að hafa umráð hins fjárnumda þar til nauðsyn ber til annars vegna nauðungarsölu þess, nema annað leiði af reglum 2. eða 3. mgr.

□ Hafi fjárnám verið gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, getur sýslumaður svipt gerðarþola umráðum hins fjárnumda að kröfu gerðarbeiðanda og falið þau öðrum manni, ef sýnt þykir að brýn hætta sé á að það spillist eða rýrni í umráðum gerðarþola eða að umráð hans muni á annan hátt torvelða nauðungarsölu verulega. Gerðarþoli verður þó ekki af þessum sökum sviptur umráðum fasteignar eða þess hluta hennar, þar sem hann á heimili.

□ Hafi fjárnám verið gert í lausafé, skal sýslumaður veita gerðarbeiðanda vörslur þess, ef hann krefst og ástæða þykir til að óttast að það muni spillast eða rýrna í vörslum gerðarþola eða að vörslur hans muni á annan hátt torvelða nauðungarsölu.

■ **57. gr.** Ef fjárnám er gert í verðbréfum eða kröfum, sem skilríki eru fyrir, tekur sýslumaður vörslur þeirra af gerðarþola, ef gerðarbeiðandi krefst.

□ Hafi fjárnám verið gert í kröfu, hvort sem skilríki eru fyrir henni eða ekki, er gerðarbeiðandi rétt að tilkynna það skuldaranum.

□ Skuldari kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, losnar ekki undan skyldum sínum með greiðslu til gerðarþola, nema hann hafi hvorki vitað né mátt vita um fjárnámið, þegar greiðslan átti sér stað, eða viðskiptabréf, sem krafan stýðst við, hafi verið komið í gjalddaga og verið í vörslum gerðarþola á þeim tíma og ekki borið með sér að fjárnám hafi verið gert í því.

□ Nú liggur fyrir að unnt sé að fá greiðslu af kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, en gerðarbeiðandi hefur ekki nýtt sér þau réttindi, sem gerðin veitir honum til ráðstöfunar á kröfunni. Skal sýslumaður þá endurupptaka gerðina samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og taka greiðsluna fjárnámi samkvæmt þeim reglum, sem kveðið er á um í 55. gr. Um endurupptökuna gilda reglur 9. kafla að öðru leyti en því, að ekki er þörf undanfaranandi tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans eða málsvara hans við gerðina.

■ **58. gr.** Ef gerðarþoli, málsvari hans eða þriðji maður lýsir því yfir meðan á gerðinni stendur, að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana, getur gerðarbeiðandi ekki krafist umráðasviptingar skv. 56. gr. fyrr en að fjórum vikum liðnum frá því fjárnám var gert, nema hann setji nægilega tryggingu að mati sýslumanns fyrir tjóni, sem hlotist getur af henni.

□ Ef gerðarþoli eða þriðji maður krefst úrlausnar héraðsdómara um fjárnámssgerð og meðan það ágreiningsmál hefur ekki verið leitt til lykta fyrir héraðsdómi, gilda fyrir mæli 1. mgr. um heimild gerðarbeiðanda til að krefjast umráðasviptingar skv. 56. gr. Ekki haggast af þeim sökum gildi umráðasviptingar, sem farið hefur fram áður en krafist var úrlausnar héraðsdómara.

■ **59. gr.** Ef ákvæði 55.–57. gr. leiða til að sýslumanni væri rétt að varðveita hið fjárnumda eða að afhenda það gerðarbeiðanda eða öðrum manni, en lögmæt umráð þriðja manns standa því í vegi, skal gerðarbeiðandi tilkynna umráðamanninum um fjárnámið og að óheimilt sé að viðlagðri ábyrgð að afhenda gerðarþola hið fjárnumda. Tilkynningu skal að jafnaði fylgja staðfest eftirrit gerðarinnar úr gerðabók.

■ **60. gr.** Fjárnám í lausafé eða kröfu fellur sjálfkrafa niður að liðnu ári frá því það var gert, ef krafa frá gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hins fjárnumda hefur ekki borist [sýslumanni]¹⁾ innan þess tíma.

□ Ákvæði 1. mgr. gilda ekki, ef nauðungarsölu eða annarrar lögmætrar ráðstöfunar hins fjárnumda hefur ekki verið krafist innan árs frá því fjárnámið var gert vegna réttarágreinings um það eða vegna réttinda þriðja manns, og gerðarbeiðandi krefst hennar innan þriggja mánaða frá því slík hindrun er úr vegi.

¹⁾ L. 90/1991, 91. gr.

■ **61. gr.** Að því leyti, sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um annað, fer um nauðsyn tryggingarráðstafana fyrir rétti samkvæmt fjárnámi og um stöðu þess réttar gagnvart öðrum réttindum eftir almennum reglum laga.

8. kafli. Árangurslaust fjárnám.

■ **62. gr.** Fjárnámi skal ekki lokið án árangurs, nema gerðarþoli hafi sjálfur verið staddur við gerðina eða málsvari hans, eða hann hvorki finnst né neinn, sem málstað hans getur tekið.

■ **63. gr.** Ekki er rétt að fjárnámi sé lokið án árangurs, ef bent er á eign gerðarþola, sem að nokkru gæti nægt til tryggingar kröfunni, nema staðreynt hafi verið með virðingu skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr. að hún nægi ekki til fullrar tryggingar.

■ **64. gr.** Ef gerðarbeiðandi rökstyður að ástæða geti verið til að ætla, að gerðarþoli eigi tiltekna eign, sem taka má fjárnámi, en það fæst ekki staðfest af hálfu gerðarþola og skilyrði eru að öðru leyti til að ljúka gerðinni án árangurs að nokkru eða öllu, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kanna frekar hag gerðarþola með eftirfarandi hætti:

1. með því að taka við skýrslum annarra en gerðarþola, sem veitt geta vitneskju um eignina og reiðubúnir eru til að gefa slíka skýrslu að ósk gerðarbeiðanda;

2. með því að leita upplýsinga um eignina hjá opinberum stofnunum, öðrum stjórnvöldum, viðskiptabönkum eða sparisjóðum.

□ Skyllt er þeim, sem 2. tölul. 1. mgr. tekur til, að veita þær upplýsingar, sem sýslumaður krefst og varða hag gerðarþola.

9. kafli. Endurupptaka fjárnámssgerðar.

■ **65. gr.** Endurupptaka skal fjárnámssgerð, ef allir málsaðil-

ar eru á það sáttir.

□ Fjárnámssgerð skal enn fremur endurupptekin að kröfu málsaðila, ef úrskurður héraðsdómara eða dómur æðra dóms hefur gengið um breytingu hennar, sbr. 95. gr.

■ **66. gr.** Fjárnámssgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarbeiðanda vegna eftirfarandi atvika:

1. ef nauðsyn ber til að svipta gerðarþola umráðum hins fjárnumda eða til að taka við því úr umráðum þriðja manns eða til að taka að öðru leyti upp fyrri ákvörðun um umráð þess, áður en sá tími er kominn, að nauðungarsala eða önnur lögmæt ráðstöfun hins fjárnumda má fara fram;

2. ef gerðarbeiðandi vill leysa eign undan fjárnámi;

3. ef gerðarbeiðandi krefst að hið fjárnumda verði skrásett með nánara hætti en í upphafi var gert;

4. ef þau atvik verða, sem 4. mgr. 57. gr. tekur til;

5. ef söluandvirði hins fjárnumda við nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hefur ekki hrokkið til fullrar greiðslu kröfu gerðarbeiðanda;

6. ef gerð hefur verið lokið án árangurs að einhverju leyti eða öllu og gerðarbeiðandi telur unnt að vísa á frekari eignir til fjárnáms.

■ **67. gr.** Fjárnámssgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarþola vegna eftirfarandi atvika:

1. ef gerðarþoli hefur ekki verið við gerðina og fjárnám hefur verið gert í eign, sem óheimilt var að taka fjárnámi eða mátti undanþiggja;

2. ef fjárnám hefur að einhverju leyti eða öllu fallið niður vegna atvika, sem komið hafa til eftir að gerðin fór fram, eða vegna dómsúrlausnar, sem hnekkir hefur gildi aðfararheimildar að nokkru eða öllu, og gerðarþoli þykir hafa hagsmuni af að gerðin verði endurupptekin af þeim sökum.

□ Þriðja manni, sem telur fjárnámssgerð fara í bága við rétt sinn, er heimilt að krefjast endurupptöku fjárnámssgerðar, hafi hann ekki átt þess kost að koma mótmælum fram gegn gerðinni, meðan á henni stóð.

■ **68. gr.** Beiðni um endurupptöku skal beint til þess sýslumanns, sem lauk fjárnámssgerð.

□ Við endurupptöku skal farið eftir þeim reglum, sem gilda um framkvæmd fjárnámssgerðar, eftir því sem við getur átt.

□ Sýslumaður er óbundinn af fyrri ákvörðunum sínum, að því leyti, sem þær geta komið til endurskoðunar við endurupptöku.

10. kafli. Fjárnám til fullnustu kröfu um dagsektir.

■ **69. gr.** Þau fyrirmæli þessa kafla, sem fela í sér frávik frá almennum reglum laga þessara, taka til krafna um dagsektir og önnur áfallandi viðurlög, sem lögð hafa verið á gerðarþola til að knýja hann til efnda á skyldu, enda hafi fjárhæð þeirra ekki verið ákvörðuð með þeim hætti, að í þeim felist skaðabætur eða endurgjald til þess, sem gerðarþoli ber skyldu við.

■ **70. gr.** Ef dagsektarkrafa styðst við aðfararheimild, sem beina á til héraðsdómara skv. 11. gr., nægir að það sé gert í fyrsta sinn, sem fjárnáms er krafist. Ef fjárnáms er krafist á ný til heimtu dagsekta, sem síðan hafa fallið til, má beina aðfararbeiðni til sýslumanns án undanfarandi meðferðar héraðsdómara.

□ Fjárnám verður ekki gert til fullnustu kröfu um áfallnar dagsektir fyrr en mánuður er liðinn frá því síðast var gert fjárnám vegna áður tilfallinna dagsekta.

■ **71. gr.** Ekki verður af fjárnámi til fullnustu dagsekta, ef gerðarþoli hefur efnt skyldur sínar eða býður fram efndir þeirra við gerðina eða atvik eru annars með þeim hætti, að hann hafi losnað undan þeirri skyldu, sem dagsektirnar varða.

Fjárnám, sem áður hefur verið gert til fullnustu áfallinna dagsekta, fellur þá niður hvað þær varðar, nema annað leiði af öðrum lagareglum eða ákvæðum aðfararheimildarinnar.

IV. þáttur. Fullnusta kröfu um annað en peningagreiðslu.

11. kafli. Aðför til fullnustu kröfu um annað en peningagreiðslu.

■ **72. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að víkja af fasteign eða til að láta gerðarbeiðanda af hendi umráð hennar að einhverju leyti eða öllu, eða til að fjarlægja hluti af henni, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með útburði gerðarþola eða þeirra hluta, sem fjarlægðir verða, og eftir atvikum með innsetningu gerðarbeiðanda.

■ **73. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að veita gerðarbeiðanda umráð annars en þess, sem 72. gr. tekur til, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því að taka það með valdi úr umráðum gerðarþola og afhenda gerðarbeiðanda.

■ **74. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að gefa út eða rita undir skjal eða til að standa á annan hátt að löggerningi, skal sýslumaður, ef því verður við komið, fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því sjálfur að framkvæma viðkomandi athöfn með sömu réttaráhrifum og ef hann hefði umboð gerðarþola til þess.

■ **75. gr.** Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að láta eitthvað ógert, getur sýslumaður samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda falið lögreglumönnum að varna því að gerðarþoli brjóti gegn því banni.

■ **76. gr.** Nú er kveðið á í aðfararheimild um aðra skyldu gerðarþola en fyrirmæli 72.–75. gr. taka til, og gerðarþoli verður ekki við áskorun sýslumanns um að efna hana. Kveði aðfararheimild á um sérstakt peningagjald í stað þess, sem upphaflega skyldi innt af hendi, getur sýslumaður gert fjárnám fyrir því þegar í stað, ef gerðarbeiðandi krefst. Að öðrum kosti skal farið að með þeim hætti, sem í 77. gr. segir.

■ **77. gr.** Ef leitt er í ljós við aðfarargerð að kröfu gerðarbeiðanda verður ekki fullnægt samkvæmt því, sem hér á undan segir, en ómöguleiki eða önnur samsvarandi atvik leysa gerðarþola ekki endanlega undan henni, getur gerðarbeiðandi krafist að héraðsdómari ákveði honum peningagreiðslu úr hendi gerðarþola þess í stað.

□ Ef aðfararheimild mælir fyrir um skyldu gerðarþola til að leysa af hendi verk, sem hann fæst ekki til að vinna, getur sýslumaður heimilað gerðarbeiðanda að fá aðra til að vinna það eftir reikningi. Skal héraðsdómari þá að jafnaði ákveða gerðarbeiðanda endurgreiðslu þess reiknings úr hendi gerðarþola.

□ Verði sú leið ekki farin, sem í 2. mgr. segir, dómkveður héraðsdómari einn eða tvo menn að kröfu gerðarbeiðanda til að meta hagsmuni hans til fjár. Í því mati skal einkum, eftir því sem við getur átt, farið eftir þeim reglum, sem gilda um ákvörðun eignarnámsbóta.

□ Við meðferð héraðsdómara samkvæmt framansögðu skal að öðru leyti farið eftir reglum 14. kafla, eftir því sem við getur átt.

□ Héraðsdómari ákveður gerðarbeiðanda endurgjald skv. 2. eða 3. mgr. með úrskurði, sem fullnægja má með fjárnámi samkvæmt almennum reglum.

12. kafli. Útburðar- og innsetningargerðir án undanengins dóms eða réttarsáttar.

■ **78. gr.** Ef manni er með ólögmætum hætti aftrað að neyta

réttinda, sem hann tjáir sig eiga og telur svo ljós, að sönnur verði færðar fyrir þeim með gögnum, sem aflað verður skv. 83. gr., er honum heimilt að beina til héraðsdómara beiðni um að skyldu þess efnis, sem getur í 72. eða 73. gr., verði fullnægt með aðfarargerð, þótt aðfararheimild skv. 1. gr. liggi ekki fyrir.

□ Er héraðsdómara hefur borist beiðni skv. 1. mgr. og hann telur að lög leiði ekki til að henni verði þegar vísað á bug, skal hann fara með hana eftir þeim reglum, sem mælt er fyrir um í 13. kafla.

■ **79. gr.** Ekki stendur það í vegi aðfarargerðar skv. 78. gr., þótt dómsmál sé jafnframt rekið milli sömu aðila um önnur atriði, sem varða réttarsamband þeirra.

V. þáttur. Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

13. kafli. Meðferð máls um aðfararbeiðni.

■ **80. gr.** Þegar kveðja þarf gerðarþola fyrir héraðsdóm vegna aðfararbeiðni samkvæmt fyrirætlum 14. eða 78. gr., ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það gerðarþola með símskeyti, ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Í tilkynningu til gerðarþola skal að auki getið um eftirfarandi í meginatriðum:

1. hver krefjist gerðarinnar og við hverja heimild sú krafa styðjist;

2. hvers gerðarbeiðandi krefjist í beiðni sinni;

3. hverju það varði, ef gerðarþoli sækir ekki þing.

□ Tilkynning skv. 1. mgr. skal berast gerðarþola eða þeim, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, með sama fyrirvara og birta þyrfti honum stefnu í almennu einkamáli. Þó má héraðsdómari ákveða skemmri fyrirvara, ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess.

□ Héraðsdómari tilkynnir gerðarbeiðanda um stað og stund til þinghalds með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

■ **81. gr.** Ef gerðarbeiðandi sækir ekki þing, þegar beiðni hans er tekin fyrir, eða ekki verður af þingsókn hans síðar, skal beiðnin teljast fallin niður. Héraðsdómari getur úrskurðað gerðarþola ómaksþóknun úr hendi gerðarbeiðanda, ef sótt hefur verið þing af hálfu gerðarþola og þóknunar verið krafist.

■ **82. gr.** Ef gerðarþoli sækir ekki þing, þegar aðfararbeiðni er tekin fyrir, eða þingsókn hans fellur síðar niður, kveður héraðsdómari upp úrskurð um hvort og að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt framkomnum gögnum.

□ Héraðsdómari ritar ályktunarorð úrskurðar skv. 1. mgr. á aðfararbeiðni og afhendir eða sendir hana gerðarbeiðanda ásamt samriti fylgigagna.

■ **83. gr.** Ef sótt er þing af hálfu gerðarþola og varnir, sem ekki verður þegar vísað á bug, koma fram gegn aðfararbeiðni, skal málsaðilum veittur skammur frestur til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna um ágreiningsefnið. Ef sátt tekst ekki, skal málið síðan sótt og varið munnlega, en vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fram fara.

□ Varnir verða ekki hafðar uppi gegn aðfararbeiðni um atriði, sem dómstóll hefur áður tekið afstöðu til.

□ Héraðsdómari kveður upp úrskurð um hvort eða að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt skýrslum og málflutningi aðila og framkomnum skjölum. Að jafnaði skal aðfararbeiðni hafnað, ef varhugavert verður talið að gerðin nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem heimilt er að afla samkvæmt áðursögðu.

■ **84. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

□ Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessum kafla má fullnægja þegar með aðför, nema sérstakur aðfararfrestur hafi verið tiltekinn í úrskurðinum.

□ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

□ [Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kærui til Hæstaréttar. Um kærufresti, kærui sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kærui í almennu einkamáli.]¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 102. gr.

14. kafli. Úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar eða um enduruþptöku hennar.

■ **85. gr.** Heimilt er gerðarbeiðanda, meðan aðfarargerð er ólokið, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd hennar, ef gerðarbeiðandi hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina.

□ Gerðarþola er því aðeins heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir sýslumanns um aðfarargerð, meðan henni er ólokið, að gerðarbeiðandi samþykki eða gerðinni hafi verið frestað í kjölfar ákvörðunarinnar, enda hafi gerðarþoli þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Ef gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, er gerðarþola þó frjálst að hafa kröfur uppi um sömu ákvörðun.

□ Heimilt er þriðja manni að krefjast úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um aðfarargerð með sömu skilyrðum og gerðarþola, ef sú ákvörðun varðar atriði, sem hann hefur hagsmuni af.

□ Heimilt er málsaðila að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns um enduruþptöku aðfarargerðar, ef krafan kemur fram án ástæðulauss dráttar og áður en krafist er frekari ráðstafana á grundvelli gerðarinnar.

□ Ákvarðanir sýslumanns um einstök atriði gerðar, sem málsaðili hefur ekki krafist úrlausnar héraðsdómara um skv. 1.–4. mgr., verða ekki lagðar undir úrlausn héraðsdómara síðar nema með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 92. gr.

■ **86. gr.** Ef málsaðili krefst úrlausnar héraðsdómara með þeim hætti, sem í 1.–3. mgr. 85. gr. segir, frestast gerðin að því leyti, sem hún er háð viðkomandi ákvörðun. Skal sýslumaður bóka nákvæmlega hver sú ákvörðun er, sem krafist er úrlausnar héraðsdómara um, og hverju kröfu aðilar gera. Skulu jafnframt bókaðar í stuttu máli röksemdir, sem þeir færa fyrir kröfum sínum.

□ Ef gerðarþoli er ekki viðstaddur eða neinn, sem málstað hans getur tekið, þegar gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal sýslumaður tilkynna gerðarþola um málavexti.

□ Sýslumaður skal afhenda þeim, sem krefst úrlausnar héraðsdómara, staðfest ljósrit gagna og eftirrit úr gerðabók varðandi aðfarargerðina svo fljótt, sem við verður komið.

□ Sá, sem krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal án tafar senda héraðsdómara málsgögn skv. 3. mgr.

□ Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

■ **87. gr.** Er héraðsdómara hafa borist gögn varðandi aðfarargerðina, ákveður hann stað og stund til þinghalds og til-

kynnir málsaðilum það með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

□ Sá, sem krafist hefur úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, telst sóknaraðili máls um ágreiningsefnið fyrir héraðsdómi, en gagnaðili að gerðinni varnaraðili máls. Komi sjálfstæðar kröfur fram af hálfu varnaraðila um ákvörðun sýslumanns, skal farið með þær eins og gagnsök í sama máli.

■ **88. gr.** Ef þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. er sótt af hálfu beggja eða allra málsaðila og sættir takast ekki um ágreininginn, veitir héraðsdómari þeim skamman frest til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna, ef þörf krefur. Skal málið síðan sótt og varið munnlega.

□ Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt kafla þessum í andstöðu við fyrri úrlausn dómstóls um málefnið.

■ **89. gr.** Ef sóknaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal fella málið niður, ef varnaraðili hefur ekki sjálfstæðar kröfur uppi, en ella aðalsök þess. Heimilt er héraðsdómara að úrskurða varnaraðila ómaksþóknun úr hendi sóknaraðila, ef mál er fellt niður og varnaraðili hefur sótt þing og krefst hennar. Ef varnaraðili hefur gert sjálfstæðar kröfur í málinu, skal farið með sök hans samkvæmt reglum 2. mgr., eftir því sem við getur átt að breyttu breytanda.

□ Ef varnaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal héraðsdómari fella gagnsök niður, ef varnaraðili hefur haft sjálfstæðar kröfur uppi, og gefa sóknaraðila kost á að leggja fram greinargerð í aðalsök, hafi hún ekki áður komið fram. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð, áður en þingsókn hans féll niður, skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila, áður en málið verður tekið til úrskurðar.

■ **90. gr.** Vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fara fram í málum samkvæmt kafla þessum.

□ Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflyttings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ómerkingu ákvörðunar sýslumanns eða lagt fyrir sýslumann að framkvæma gerð með öðrum hætti en hann hafði áður ákveðið.

□ Héraðsdómari leggur ekki mat í úrskurði sínum á önnur atriði gerðar en þau, sem krafist hefur verið úrlausnar um, nema um atriði sé að tefla, sem sýsluni bar að gæta af sjálfsdáðum.

■ **91. gr.** Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

□ Aðfarargerð má þegar fram halda, er úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið, ef annað er ekki tekið fram í úrskurðinum.

□ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

□ [Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kærur til Hæstaréttar. Um kærufresti, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kærur í almennu einkamáli.]¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 102. gr.

15. kafli. Úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar.

■ **92. gr.** Heimilt er málsaðilum, þar á meðal þriðja manni, sem hagsmuni hefur af gerðinni, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð, ef krafa þess efnis berst héraðsdómara innan átta vikna frá því gerðinni var lokið.

□ Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn, verður ágreiningur um aðfarargerð eða ákvarðanir sýslumanns um framkvæmd hennar ekki lagður fyrir héraðsdómara, nema allir málsaðilar séu á það sáttir eða héraðsdómari telji afsakanlegt að málefnið hafi ekki verið lagt fyrir hann í tæka tíð eða til ágreinings komi um gerðina vegna kröfu gerðarbeiðanda um nauðungsarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun á eign, sem tekin hefur verið fjárnámi.

■ **93. gr.** Þegar málsaðili krefst úrlausnar um aðfarargerð skv. 92. gr., tilkynnir hann héraðsdómara það skriflega. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. um hverja aðfarargerð er að ræða, hvenær hún fór fram og hverjir aðilar hennar voru;

2. hvers krafist er fyrir héraðsdómara;

3. á hverjum málsástæðum og lagarökum kröfur eru reistar.

□ Með tilkynningu skv. 1. mgr. skulu að jafnaði fylgja staðfest eftirrit framlagðra gagna við aðfarargerðina og bókana í gerðabók sýslumanns um hana, en ella skulu þau afhent héraðsdómara svo fljótt, sem við verður komið.

□ Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

■ **94. gr.** Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda fyrirmæli 87.–89. gr. og 1. mgr. 90. gr., en að öðru leyti almennar reglur um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

■ **95. gr.** Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflyttings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ógildingu aðfarargerðar eða um breytingu hennar, samkvæmt því, sem við á hverju sinni. Ef kveðið er á um breytingu gerðarinnar, skal tiltekið nákvæmlega í hverju hún felst.

□ Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki frekari fullnustuaðgerðum, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

□ [Úrskurðir héraðsdómara samkvæmt þessum kafla sæta kærur til Hæstaréttar. Um kærufresti, kærana sjálfa og meðferð hennar í héraði og fyrir Hæstarétti gilda sömu reglur og um kærur í almennu einkamáli.]¹⁾

¹⁾ L. 92/1991, 102. gr.

VI. þáttur. Ýmis ákvæði.

16. kafli. Ábyrgð á aðfarargerð.

■ **96. gr.** Hafi gerðarbeiðandi krafist fullnustu kröfu eða réttinda með aðfarargerð, sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til, ber honum að bæta allt tjón, sem aðrir hafa orðið fyrir af þeim sökum.

□ Hafi aðfarargerð farið fram með ólögmætum hætti og verið felld úr gildi af þeim sökum að einhverju leyti eða öllu með dómsúrlausn, á sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, rétt til bóta úr hendi gerðarbeiðanda eftir almennum skaðabótareglum.

□ Ef svo stendur á, sem í 1. eða 2. mgr. segir, og gerðarþoli hefur sætt frelsisskerðingu, húsleit verið gerð hjá honum eða leit verið gerð á honum, sbr. 29.–31. gr., á hann rétt til miskabóta úr hendi gerðarbeiðanda.

■ **97. gr.** Heimilt er þeim, sem tilkall á til bóta skv. 96. gr., að beina málsókn til heimtu þeirra að ríkissjóði óskipt með gerðarbeiðanda, ef sýslumaður eða fulltrúi hans hefur sýnt af sér gáleysi við framkvæmd þeirrar athafnar, sem leitt hefur til tjóns.

□ Um ábyrgð héraðsdómara fer eftir sérreglum laga.

■ **98. gr.** Mál til heimtu bóta skv. 96. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., ber að höfða fyrir héraðsdómi áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi.

17. kafli. Gildistaka, brottfallin lög og ákvæði til bráðabirgða.

■ **99. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

□ ...

■ **100.–101. gr.** ...

■ **102. gr.** Aðför má gera samkvæmt fyrirmælum laga þessara til fullnustu kröfu þótt hún hafi ekki verið aðfararhæf samkvæmt fyrirmælum eldri laga og þótt gjalddagi hennar eða efndatími hafi verið fyrir 1. júlí 1992. Þetta tekur þó ekki til krafna sem nutu lögtaksréttar ef sá réttur er fyrndur samkvæmt eldri lögum við gildistöku þessara laga.

□ Ekki er þörf birtingar áskorunar áður en aðför fer fram samkvæmt lögum þessum þótt svo hafi staðið á um kröfu fyrir gildistöku laganna sem segir í 9. laga nr. 19/1887.

■ **103. gr.** ...

■ **104. gr.** Um heimildir til umráðasviptingar eigna, sem

fjárnám eða lögtak hefur verið gert í fyrir 1. júlí 1992, fer eftir 7. kafla frá þeim degi.

□ Fyrirmæli 54., 58. og 60. gr. taka ekki til aðfarargerða sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992.

■ **105. gr.** Um heimildir til endurupptöku fjárnáms- eða lögtaksgerða, sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992, skal farið eftir reglum eldri laga þótt komið sé fram yfir þann dag. Um framkvæmd við endurupptöku skal farið eftir fyrirmælum 68. gr., eftir því sem við getur átt.

■ **106. gr.** Fyrirmæli 10. kafla taka ekki til dagsekta, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 1. júlí 1992.

■ **107. gr.** ...

■ **108. gr.** Fyrirmæli 16. kafla taka ekki til athafna sem eiga sér stað fyrir 1. júlí 1992, þótt aðfarargerð sé lokið eftir þann tíma.

■ **[109. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 1. másl. 1. mgr. 7. gr. og 1. másl. 8. gr. skal þargreindur aðfararfrestur frá gildistöku laga þessara til 1. janúar 2010 vera fjörutíu dagar í stað fimmtán daga.]¹⁾

¹⁾ L. 23/2009, 1. gr.